


Náttúrufræðistofnun Íslands

Jón Gunnar Ottósson forstjóri




Náttúrufræðistofnun nýtur trausts

- Ný könnun Capacent (febrúar 2017) sýnir mikið traust nú sem áður. Ní hefur tekið þátt frá 2007



Samanburður við aðrar stofnanir






Náttúrufræðistofnun Íslands

Styrkurinn felst í starfsfólkinu



Starfsemin 2016

ÁRSSKÝRSLA
2016



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

- Ársskýrslan veitir sýn á starfsemina á síðasta ári, hlutverk stofnunarinnar, fjárhaginn, starfsfólkið og verkefnin - ekki tæmandi lýsing!
- Fjölbreytileg verkefni, en áherslur ráðast að verulegu leyti af fjármagninu sem úr er að spila og forgangsröðun verkefna.
- Natura Ísland var lang stærsta og umfangsmesta verkefnið 2016 líkt og var árin 2012 til 2015.



Árið 2016 markaði tímamót í starfseminni




- Nýr vefur stofnunarinnar var opnaður í mars 2016 eftir mikinn undirbúning sem hófst haustið 2013

- Lokið við að skilgeina, lýsa og kortleggja vistgerðir landsins á þurrlendi, í fersku vatni og fjöru – verkefni sem hófst 1999 og hefur verið unnið að síðan með hléum
- Lokið við að endurmeta fuglastofna og kortleggja mikilvægustu fuglasvæði landsins – verkefni sem hófst 2012




Vistgerðir á Íslandi



- Í ritinu Vistgerðir á Íslandi er fyrsta sinn birt heildstætt yfirlit og lýsing á vistgerðum Íslands, útbreiðslu þeirra, stærð og verndargildi
- Leggur nýjan grunn fyrir skynsamlega landnotkun, vernd náttúrunnar og sjálfbæra nýtingu auðlinda
- Byggðir upp gagnagrunnar sem eru nauðsynlegir fyrir framkvæmd náttúruverndarlaga og gera okkur kleift að sinna alþjóðlegum skyldum á sviði náttúruverndar



Nýr vefur Náttúrufræðistofnunar – www.ni.is




Kortasjár vefsins:

- Vistgerðakort af landinu öllu 2016
- Fleiri kortasjár og gáttir 2017

- Skapar margvíslega nýja möguleika á að miðla upplýsingum um náttúru Íslands
- Tengdur gagnagrunnum stofnunarinnar og bætir mikið þjónustu við almenning, skóla, fræðimenn, stjórnsýslu, stofnanir, fyrirtæki og fjölmiðla
- Áhersla á opinn aðgang að gögnum án endurgjalds - niðurrhalsþjónusta




Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi



- Fuglafjölritið er hluti af verkefninu Natura Ísland. Meginmarkmið þess eru:
- Fá yfirsýn yfir dreifingu og stofnstærð fugla á landsvísu
- Skilgreina verndarsvæði og lýsa fuglalífi þeirra á magnbundinn hátt
- Leggja grunn að reglubundinni vöktun svæðanna og viðkomandi fuglastofna
- Birt er nýtt mat á öllum íslenskum fuglastofnum




Ný verkefni með nýjum náttúruverndarlögum



- Aukið hlutverk Náttúrufræðistofnunar í framkvæmd og stjórnslu náttúruverndarmála
- Fleiri krefjandi verkefni og meiri ábyrgð
- Grunnurinn að framkvæmd lagður að hluta með verkefninu Natura Ísland sem stofnunin vann 2012 – 2016
- Værum í vondum málum ef ekki hefði verið ráðist í þetta umfangsmikla og kostnaðarsama verk, sem var fjármagnað að stórum hluta með styrk frá Evrópusambandinu



Helstu verkefni Náttúrufræðistofnunar: Náttúruminjaskrá




- Umsjón með náttúruminjaskrá, skráningu minja og mat á verndargildi þeirra

- Lýsa minjum á skránni, sérkennum þeirra, verndargildi og afmörkun og birta ítarupplýsingar – byggja upp gagnagrunna

- Gera tillögur um skráningu minja í B- og C-hluta skrárinnar

- Endurskoða gömlu náttúruminjaskrána og ljúka því verki eigi síðar en 2021



Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluti)



Net verndarsvæða verður byggt á vísindalegu mati á verndargildi og verndarþörf

- Framkvæmdaáætlun um friðlýsingar og friðun – skrá yfir náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang næstu 5 árin
- Áhersla á að byggja upp skipulegt *net verndarsvæða* til að ná verndarmarkmiðum laganna
- Fjöldi atriða talin upp sem hafa skal sem viðmið við val minjanna
- Náttúrufræðistofnun leggur rökstuddar tillögur um svæði og annarra minja fyrir ráðherra sem leggur tillögu að áætluninni fyrir Alþingi...
- „Í fyrsta sinn eigi síðar en 2017...“



Sérstök vernd tiltekinna náttúrufyribæra




Suðurlandsvegur í eldhrauni frá nútíma – var „brýn nauðsyn“ á þessari framkvæmd?

- Skrásetja og kortleggja jarðmyndanir, vistkerfi og fleiri náttúrufyribæri sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga
- Veita sveitarfélögum, framkvæmdaaðilum og öðrum sem á þurfa að halda opinberan aðgang að gögnunum (á vef stofnunarinnar)
- Þar á meðal eru votlendi (2 ha eða stærri), stöðuvötn og tjarnir (0,1 ha eða stærri), sjávarfitjar og leirur, eldvörp, eldhraun, gervigígar, hraunhellar, fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur



Vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru



- Ber ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum með lögum.
- Ber að vinna heildstæða áætlun um vöktunina, skipuleggja og annast framkvæmd hennar
- Getur haft samstarf við aðra og falið hæfum aðilum að annast tiltekna þætti hennar
- Ber ábyrgð á birtingu niðurstaðna vöktunar og miðlun upplýsinga um þær
- Ber ábyrgð á gerð vöktunaráætlana fyrir friðlýst svæði



Vinna við vöktunaráætlanir 2017



Heildstæð áætlun fyrir fugla og æðplöntur 2012
Verða endurskoðaðar 2017 – framkvæmd 2018



Áætlanir um vöktun vistgerða og
spendýra veturinn 2017-2018

Framkvæmd skv. lögunum 2018



Jarðminjar á Íslandi



- Varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem veita samfellt yfirlit um jarðsögu landsins
- Vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu
- Mikilvægt að unnið sé skipulega að verndun jarðminja með samræmdum aðferðum
- Engin alþjóðlega samþykkt viðmið til fyrir verndun jarðminja



Jarðminjar á Íslandi



- Vinna hófst á Náttúrufræðistofnun 2010 við gerð tillögu um aðferðafræði við val á jarðfræðilegum minjum til verndunar á Íslandi
- Verkinu hefur miðað hægt áfram vegna skorts á fjármagni og starfskrafti
- Unnið áfram 2017 og fyrstu tillögur um skráningu í náttúruminjaskrá (C-hluta) settar fram
- Hrint í framkvæmd af fullum þunga 2018?



Ákjósanleg verndarstaða



- Í ákvæðum um verndarmarkmið fyrir vistkerfi, vistgerðir og tegundir er kveðið á um að tryggja þurfi *ákjósanlega verndarstöðu* þeirra
- Náttúrufræðistofnun skilgreinir ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistkerfa, vistgerða og tegunda og vaktar ástand þeirra.
- Gerir tillögur um aðgerðir ef vart verður skyndilegrar hnignunar
- Válistar mikilvægir – alþjóðleg viðmið



Vinna hefst 2017



Grunnskilgreiningin er alþjóðlega viðurkennd, en töluleg viðmið mjög breytileg eftir ríkjum og viðfangsefnum



Fyrstu hópar verða metnir 2017:

- Fuglar
- Vistgerðir
- Æðplöntur
- Spendýr



Skyndifriðun vistkerfa, vistgerða og tegunda



- Ef sérstakar aðstæður skapast sem leiða til skyndilegrar hnignunar vistkerfis, vistgerðar eða tegundar þannig að verulega víki frá ákjósanlegri verndarstöðu þeirra er Náttúrufræðistofnun **skylt** að taka til skoðunar hvort leggja skuli til friðun



- Að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar getur ráðherra friðað viðkomandi vistkerfi, vistgerð eða tegund með auglýsingu í Stjórnartíðindum að undangenginni kynningu



Verulega aukið umsagnahlutverk




- Í lögunum er kveðið á um mun umfangsmeira umsagnarhlutverk Náttúrufræðistofnunar en var í eldri lögum
- Sumar nýjar skyldur fela í sér mjög tímafrek verkefni, t.d. umsagnir um frummatsskýrslur framkvæmdaaðila vegna mats á umhverfisáhrifum
- Umsagnarbeiðnum hefur fjölgað verulega með tilheyrandi vinnu og álagi á starfsfólk





Enginn tyggur tannlaus



- Brynt að Náttúrufræðistofnun hafi mannskap, aðstöðu og fjárhagslega burði til að geta sinnt hlutverki sínu og verkefnum sem það krefst
- Húsnæðismálin í mjög góðu lagi, í Garðabæ, í Borgum á Akureyri og á Breiðdalsvík, en umgjörð og starfsemi verða að haldast í hendur
- Fjöldi starfsmanna í lágmarki og tækjabúnaður í lágmarki
- Rekstrarfé hefur minnkað árlega undanfarin 4 ár
- Launuðum ársverkum fækkað um 12 síðustu 4 árin, 2014-2017



Lokaorð



- Ný verkefni náttúruverndarlaga koma ekki í staðinn fyrir önnur verkefni Náttúrufræðistofnunar – þau koma til viðbótar!
- Ný forgangsröðun og breyttar áherslur, en gömlu kjölfestuverkefni verða áfram í forgrunni

Ný og metnaðarfull náttúruverndarlög sem eru í takt við tímann og alþjóðlega þróun gera lítið gagn ef þeim er ekki hrint í framkvæmd og kynnt fyrir þjóðinni



Takk fyrir!



Mynd: Erling Ólafsson

